

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn um frumvarp til um viðspyrnustyrki, 334. mál. Í frumvarpinu er lagt til nýtt úrræði til að koma til móts við vanda rekstraraðila vegna kórónuveirufaraldursins með því að rekstraraðilar sem verða fyrir miklu tekjutapi frá nóvember 2020 til og með maí 2021, samanborið árið 2019, geti fengið styrk til að mæta rekstrarkostnaði. Styrkurinn geti numið allt að 90% af rekstrarkostnaði en þó ekki hærri en 400 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi hjá rekstraraðila og að hámarki 2 millj. kr. eða 2,5 millj. kr. eftir því hve tekjufall var mikið.

Að mati undirritaðs er stuðningur ríkisins við efnahagslífið við ríkjandi aðstæður afar mikilvægur og fyrirliggjandi frumvarp er liður í þeirri viðleitni. Að veita slíkan stuðnings er vandasamt og mikilvægt er að hann byggist á haldbærum rökum og raunhæfri framtíðarsýn. Hafa þarf í huga að tekjufall einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila, þ.e. lækkun vergrar landsframleiðslu, er tjön sem ekki verður bætt. Verkefni hins opinbera er það að dreifa tekjufallinu milli hagaðila og tímabila, koma í veg fyrir að samdráttur breiðist út í aðra atvinnustarfsemi en þá sem þegar hefur lamast og að tryggja eftir föngum að framleiðslugeta atvinnulífsins haldist og geti nýst þegar aftur birtir í atvinnumálum.

Kjarninn í opinberum ráðstöfunum sem þjóna þessum tilgangi ætti að vera að viðhalda kaupmætti almennings og þá einkum þeirra sem misst hafa vinnu og annarra sem halt standa og styðja viðleitni fyrirtækja til að halda fólki í starfi. Auk þess að vera liður í samfélagslegri framfærslutryggingu er slíkur stuðningur mikilvægur liður í því að draga úr áhrifum á aðrar atvinnugreinar en þær sem þegar hafa orðið fyrir beinum búsigjum af völdum veirunnar. Stuðningur við atvinnufyrirtæki í öðrum tilgangi en að viðhalda atvinnustigi vekur upp fjölda spurninga og álitamála. Áfallið tap þeirra vegna tekjufalls verður ekki unnið upp og rýrnun eigna þeirra er ekki unnt að bæta nema með millifærslu á eignum milli hagaðila. Beinum stuðningi við fyrirtæki, öðrum en þeim sem tengist atvinnusköpun og launagreiðslum, ættu því að setja þröngar skorður.

Ráðstafanir hins opinbera hingað til hafa að mestu samræmst þessum sjónarmiðum þótt setja megi spurningarmerki við sumar þeirra svo sem lokunarstyrki og stuðning vegna launa í uppsagnarfresti. Hið sama á við um það frumvarp sem nú liggur fyrir. Megintilgangur þess er að það fé sem kemur frá ríkissjóði geri fyrirtækjum kleift að greiða laun og halda fólki í starfi sem ella yrði launalaust. Er það rökrétt framhald fyrri aðgerða auk þess sem það mun ná til aðila sem fyrri ráðstafanir náðu ekki til af ýmsum ástæðum.

Ekki virðist ástæða til að gera efnislegar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins en ég leyfi mér þó að koma með eftirfarandi tæknilegar ábendingar.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er markmið laganna að mæta afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í samræmi við það vísar ákvæði 1. tl. 4. gr. til tekjufalls af þeim ástæðum. Röklegt virðist að leggja þann skilning í ákvæðið að átt við tekjur af sölu vöru og þjónustu sem fallið hafa niður. Í 3. gr. frumvarpsins, orðskýringar, eru hugtakið tekjur í frumvarpinu skilgreint sem *tekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 að frátöldum hagnaði af sölu varanlegra rekstrarfjármuna*. Samkvæmt þessari skilgreiningu falla undir tekjuhugtak frumvarpsins allar aðrar fjármagnstekjur, vextir, arður, leigutekjur o.fl. sem upp eru taldar í C. lið 7. gr. laga um tekjuskatt. Þessar fjármagnstekjur og breytingar á þeim hafa lítil tengsl við tekjufall vegna kórónaveiru en getu verið verulegar og tengst allt öðru en því sem frumvarpið fjallar um einkum hjá fyrirtækjum í blandaðri starfsemi. Að óbreyttu yrði það hlutverk Skattsins að meta það á grundvelli 4. gr., án mikilla leiðbeininga í lögnum, hvort tengsl við veiruna séu til staðar auk þess sem þessar tekjur geta verið mjög sveiflukenndar og fallið til með óreglulegum hætti. Rökréttar virðist og einfaldara í framkvæmd að miða skilgreiningu tekjuhugtaksins í 6. tl., 3. gr. frumvarpsins við *rekstrartekjur skv. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt að frátöldum tekjum skv. C-lið sömu greinar*.

Á sama hátt og með sömu rökum ætti einnig að breyta skilgreiningu rekstrarkostnaðar í 4. tl., 3. gr. frumvarpsins, sbr. og 5. gr. þess, þannig að í rekstrarkostnaði felist ekki fjármagnskostnaður af neinum toga og skilgreiningin verði því *rekstrarkostnaður skv. 1. tl. 31. gr. laga um tekjuskatt að frátöldum vöxtum af skuldum, afföllum, gengistöpum og niðurfærslum og fyrningum eigna.*